

Vígðalaug í Laugardal

Greinargerð

Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS054-98041

Reykjavík 1998

© Fornleifastofnun Íslands 1998

I. Inngangur

Í maí 1998 fór menntamálaráðuneytið þess á leit við Fornleifastofnun að hún gerði úttekt á Vígðulaug á Laugarvatni m.t.t. þess hvort og þá hvaða framkvæmdir séu nauðsynlegar til að kynna laugina í sambandi við þúsund ára afmæli kristnitökunnar árið 2000.

Forsaga þessa máls er allöng en allt frá því um 1968 hefur hópur heimamanna á Laugarvatni haldið því vakandi að nauðsynlegt væri að gera laugina og umhverfi hennar þannig úr garði að hún yrði verðugur minnisvarði um kristnitökuna á alþingi árið 1000 en talið er að laugin sé sú sama og Sunnlendingar voru skírðir í að þingi loknu. Fyrsti árangur af þessu starfi mun hafa verið að Þjóðminjavörður friðlýsti laugina og svokallaða Líkasteina á laugarbakkanum 4. nóvember 1969 (þinglýsing 12. janúar 1970). Svæðið hafði þá þegar verið afmarkað með lágum torfgarði og fól Þjóðminjavörður Péttri Þorvaldssyni garðyrkjumanni sem rekur gróðurhús við laugina að fylgjast með svæðinu og halda því snrtillegu. Svo mun hafa verið fram á þennan dag en engu að síður hafa menn haft áhyggjur af ýmsum atriðum er varða laugina, umhverfi hennar og ástand. Þar má nefna

- að umhverfi laugarinnar (þ.e. utan girðingarinnar sem í kringum hana er) sé ósnrtillegt, rusl og hávaði sem fylgir atvinnustarfsemi á svæðinu sé ekki vænlegur til að laða að gesti eða gera heimsókn að lauginni ánægjulega.
- að laugin sé ógirt og óvarin og geti því verið hættuleg börnum sem munu hafa dottið í hana á tíðum.
- að laugin sé ógreinileg og sokkin, og jafnvel að hún hafi tekið breytingum og verið minnkuð frá upphaflegri stærð, og því þurfi að endurhlaða hana til að gera hana betur sýnilega.
- að vatnsstaða sé há í jarðvegi í kring um laugina og því geti myndast svað í kringum hana þegar blautt er og umferð mikil, og því þurfi jafnvel að hækka laugina, þá með gagngerri endurbyggingu.
- að upplýsingar um laugina og Líkasteina sé ekki að fá á staðnum og að nauðsynlegt sé að setja upp upplýsingaskilti.

Þar fyrir utan hafa ýmis minniháttar mál komið upp, m.a. um girðingarefni í kringum laugina, hvar ganga eigi inn á svæðið og um það hvort steypit eða náttúruleg hella eigi að

vera í hliðinu eða ekki.

Af bréfaskiptum Þjóðminjasafns sést að hafið hefur verið máls á sumum þessara atriða 1988 og í kjölfarið gerði Guðmundur Ólafsson könnun á svæðinu 24. ágúst 1992 og taldi að ástand laugarinnar væri allgott og að ekki væri ástæða til að leggja út í breytingarframkvæmdir (reisa grindverk m.m.) að sinni. Hann benti þó á að ef veruleg aukning yrði á umferð manna við laugina þyrfti að gera ráðstafanir til úrbóta á aðkomu að lauginni.

Skriður komst á mál Vígðulaugar á ný er kristnihátíðarnefnd sendi sóknarnefndum bréf 20. apríl 1997 og bauð þeim að benda á áhersluatriði fyrir hátíðahöld árið 2000. Sóknarnefnd Miðdalssóknar benti á Vígðulaug og var fjallað um málefni hennar á fundi Héraðsnefndar Árnesprófastsdæmis 25. október 1997 og var þar samþykkt ályktun þar sem lýst var yfir stuðningi við að sýna lauginni sóma í tilefni af kristnitökuafmælinu og var sérstaklega bent á hleðslur laugarinnar og merkingar við hana. Á því ári hafa ýmsir síðan haft samband við þjóðminjavörð og haft uppi ýmiskonar hugmyndir, einkum um endurhleðslu laugarinnar. Þjóðminjavörður lýsir afstöðu sinni ítarlega í bréfi til menntamálaráðherra 21. ágúst 1997 þar sem fram kemur að hann telur ástand laugarinnar í góðu lagi og að ekki komi til greina af sinni hálfu að gera nokkrar umbreytingar á henni en hins vegar hvatti hann til að settur yrði upp upplýsingatexti á staðnum.

Ýmsir hlutaðeigandi áttu síðan fund með menntamálaráðherra 22. janúar 1998 og daginn eftir tilkynnti þjóðminjavörður Péttri Þorvaldssyni garðyrkjumanni að um laugina yrði þar eftir séð af landeiganda, þ.e. menntamálaráðuneyti og þakkaði honum fyrir að hafa litið eftir laugini frá því hún var friðuð.

Í kjölfar þessa barst menntamálaráðherra erindi frá heimamönnum þar sem farið var fram á ráðuneytið beitti sér fyrir nauðsynlegri rannsókn á lauginni og umhverfi hennar svo hægt verði að ákveða til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að kynna laugina við hátíðahöldin árið 2000.

Það mun vera sem svar við þessari beiðni að ráðuneytið fól Fornleifastofnun að gera úttekt á lauginni.

Í þessari greinargerð verður fyrst fjallað um heimildir um Vígðulaug og Líkasteina og

þær vísbendingar sem til eru um hvað hefur verið átt við laugina á þessari öld. Þar næst verður sagt frá könnunarferð að Vígðulaug 2. júlí 1998 og greint frá núverandi ástandi hennar og nánasta umhverfis. Þá verður gerð grein fyrir gildi minjanna fyrir kristnisögu Íslands og forsendur kynningar á þeim fyrir almenningi. Í fimmta kafla verður sagt frá forsendum endurbygginga og viðgerða á fornleifum og hvaða viðhorf eru nú ríkjandi um þau mál. Í lokakafla verða settar fram tillögur um aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að kynna Vígðulaug með sóma fyrir almenningi.

2. Heimildir um Vígðulaug

Í Kristni sögu segir frá því að eftir að þingstörfum lauk í júlí árið 1000 hafi allir Norðlendingar og Sunnlendingar verið skírðir í Reykjalaugu í Laugardal því þeir hafi ekki viljað fara í kalt vatn.¹

Kristni saga er talin rituð á seinni hluta 13. aldar. Hún er því á engan hátt samtímaheimild um kristnitökuna en hún byggir á eldri heimildum, þar á meðal Íslendingabók Ara fróða og Ólafs sögu Tryggvasonar sem hvortvegja eru 12. aldar heimildir. Kristni saga hefur þó ýmislegt umfram þessar sögur og er margt af því heldur þjóðsagnakennt og annað gæti vel verið tilbúningur höfundar. Kristni saga er af þessum sökum í seinni tíð ekki talin sérstaklega traust heimild um það sem hún hefur umfram Íslendingabók og Ólafs sögu Tryggvasonar. Sögnin um hópskírnn sunnan- og norðanmanna er spegluð af sögn sem kemur strax á eftir í sögunni um að Vestlendingar hefðu verið skírðir í Reykjalaug í Lundarreykjadal. Sjálfsagt er að gruna að önnur sögnin sé búin til til samræmis við hina, en hvor hefur verið upprunalegri er ógerlegt að segja. Hins vegar er auðvelt að trúa því að sagnir af þessu tagi hafi þá lifað lengi meðal manna og að höfundur Kristni sögu hafi safnað þeim saman til að fita beinabera frásögn Ara fróða.

Þess má geta að í þessum sögnum um heitavatnsskírnn er greinilega falið minni, sem er sennilega öðrum þræði spaugilegs eðlis. Það byggir á því að í guðfræði miðaldakirkjunnar þótti skipta nokkru máli að skírnnarvatnið væri kalt enda dregur höfundur Kristni sögu athygli lesandans að þessu. Annars vegar er minnið angi af

¹ *Biskupasögur* I, 25.

alþjóðlegu minni um tregðu trúskiptinga við að gangast fullkomlega undir alla siði og kenningar kirkjunnar og hins vegar er það skylt alkunnu minni í Íslendingasögum (og íslenskum skáldskap fram til þessa dags) um heimóttalega pragmatík Íslendinga. Með öðrum orðum þá gátu bændur og höfðingjar vandræðalítið komið sér saman um að skipta allir um trú í einu vefangi en þeir ætluðu hins vegar ekki að taka áhættuna á því að fá kvef svona rétt fyrir slátt með því að fara að sulla í köldu vatni, en vitanlega er ætlast til að lesandinn skilji að um niðurdýfingaskírni var að ræða.

Ekki er vitað um neina Reykjalaug í Laugardal en fáar eða engar laugar aðrar en Vígðalaug eru á þessu svæði sem kæmu til greina fyrir niðurdýfingarskírni.

Í Biskupaannálum Jóns Egilssonar sem ritaðir voru á árunum 1601 til 1605 er greint frá för Norðlendinga til Skálholts vorið 1551 til að sækja lík Jóns Arasonar biskups og sona hans, Björns og Ara, sem hálshöggfir höfðu verið haustið áður. Norðlendingar vildu ekki dvelja lengur en nauðsyn krafði meðal óvina í Skálholti og gerðu því ekki meir en að grafa líkin upp og “köstuðu þeim moldugum í kisturnar, og höfðu sig svo á burtu og til Torfastaða um kveldið. ... Að morni fluttu þeir þá út að Laugarvatni, og tjölduðu þar yfir þeim og þvoðu þar líkin, og bjuggu um þá þar til fulls, og fóru svo norður til Hóla ...”² Ekkert annað kemur fram í þessari frásögn, sem verður að teljast alltraust heimild svo langt sem hún nær, um hvar á Laugarvatni líkin voru þvegin, en í seinni tíð hafa sex stakir steinar nokkrum metrum austan við Vígðulaug, verið kallaðir Líkasteinar. Fylgir sú sögn steinum að á þá hafi líkbörur þeirra fedga verið settar og líkin hafi verið þvegin úr Vígðulaug.

Allmiklum erfiðleikum er háð að komast að aldri sagna um Vígðulaug og Líkasteina en ljóst virðist að þær eru ekki ýkja gamlar, eða hafa að minnsta kosti ekki náð útbreiðslu að ráði fyrr en síðustu áratugi.

Á sjötta áratug 18. aldar ferðuðust þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson um allt Ísland til að semja lýsingu þess, einkum með tilliti til náttúrugæða. Beindist áhugi þeirra meðal annars að hverum og heitum laugum og lýsa þeir mörgum slíkum í Ferðabók sinni. Þannig fjalla þeir ítarlega um hina hlöðnu laug í Haukadal auk annara frægra lauga eins og Snorrالاugar í Reykholti. Þeir rekja sagnir um notkun lauganna á miðöldum og gerðu

² Biskupa-annálar, 99.

athuganir á umbúnaði þeirra. Vegna þess að áhugi þeirra á þessu efni var greinilega mikill og þeir hljóta að hafa haldið uppi fyrirspurnum um hlaðnar laugar vekur athygli að þeir minnst í engu á laug við Laugarvatn.

Í sóknarlýsingu Miðdals- og Úthlíðarsókna frá 1840 segir sr. Páll Tómasson frá því að eina laugin innan sókna sinna sé við Laugarvatn og að bærinn og vatnið dragi nafn af henni en ekki getur hann nafns á henni eða að sagnir séu um hana.³ Sumarið 1873 kom danski fornfræðingurinn Kristian Kålund á Laugarvatn í sögustaðaleiðangri sínum. Í riti sínu um íslenska sögustaði rekur hann frásögn Kristni sögu um skírn Norðlendinga og Sunnlendinga í Reykjalaugu. Hann færir rök fyrir því að Reykjalaug hljóti að hafa verið við Laugarvatn og segir enn fremur að það sé skoðun allra að það sé staðurinn og vísar um það til skýrslu Jóns Jónssonar prófests á Mosfelli. Kålund lýsir því næst laug á Laugarvatni:

Norðaustan við bæinn rétt við vatnið er laug og steinum raðað í hring um hana, en lítill lækur rennur úr henni í vatnið; hefur þarna fyrrum verið útbúinn raunverulegur baðstaður.⁴

Hér er augljóslega lýst Vígðulaug en Kålund getur ekki um nafnið og hefur ekki talið koma til greina að þetta væri skírnarstaðurinn því hann heldur áfram að lýsa hverum á vatnsbakkanum austan við bæinn, en vatn sem rennur úr þeim safnast saman í lítið lón áður en það rennur út í vatnið, og hitar það langt út, og þar eða í lóninu taldi Kålund líklegast að skírnarstaðurinn hafi verið.

Greinilegt er að Kålund hefur sjálfur komið að Laugarvatni og skoðað vegsumerki þar og af frásögn hans að ráða þá hefur hann haft uppi spurnir í héraðinu um hvar menn teldu Reykjalaug hafa verið. Hvort hann hefur rætt við heimamenn á Laugarvatni er annað mál, en ekki verður af þessu séð að sagnir um Vígðulaug hafi verið í hávegum í uppsveitum Árnessýslu um og eftir 1870.

Um svipað leyti og fyrra bindið af hinu mikla sögustaðaverki Kálunds kom út 1879 var stofnað í Reykjavík Hið íslenska fornleifafélag sem næsta aldarfjórðunginn sendi út leiðangra á nálega hverju sumri til að kanna minjastaði, einkum þá er taldir voru

³ *Árnessýsla*, 146.

⁴ Kristian Kålund, *Íslenskir sögustaðir* I, 113.

tengjast Íslendingasögum og samfélagi þjóðveldisaldar. Ekki er að sjá að skráningarmenn félagsins hafi haft spurnir af Vígðulaug og er hún þó einmitt af þeirri tegund minja sem þeir leituðu sérstaklega að.

Sumarið 1889 kom Þorvaldur Thoroddsen jarðfræðingur að Laugarvatni og segir frá jarðhita þar í Ferðabók sinni. Hann lýsir því að nyrst á jarðhitasvæðinu sé laugar í tveimur volgum lækjardrögum og að í syðri læknum sé “hlaðin upp lítil laug (54° heit).” Hann bætir við að sagt sé að lík Jóns Arasonar hafi verið þvegið í þessari laug en getur þó ekki um Líkasteina. Eftir að hafa lýst öðrum hverum á svæðinu getur hann um frásögn Kristni sögu um heitavatnsskírtnina í Reykjalaug og segir um það: “Líklega er þessi Reykjalaug hér á Laugarvatni, þó menn hafi ekki vissu fyrir því.”⁵

Ekki er getið um Vígðulaug á prenti fyrr en Ragnar Ásgeirsson garðyrkjuráðunautur ritaði um hana grein í Kirkjuritið 1940. Þar greinir hann frá því að hann hafi komið til Laugarvatns 1932 og hafi þá strax hafist handa við að hreinsa upp úr lauginni og veita frá henni vatni. Ekki getur hann um hvaða heimildir hann hafði fyrir nafni laugarinnar eða fyrir því að hún sé sama og Reykjalaug Kristnisögu. Hann vitnar þó til Ingunnar Eyjólfsdóttur, sem var fædd 1873 á Laugarvatni, um að í barnæsku hennar hafi oft verið sent eftir vatni í laugina þegar einhver veiktist á bæjum, og hafa menn því haft trú á lækningamætti vatnsins í lauginni. Sennilega hafa því verið sagnir um Vígðulaug meðal heimamanna á Laugarvatni þegar Ragnar kom þangað en hversu lengi þær hafa verið á kreiki er óvíst.

Af nafni laugarinnar og sögnum um lækningamátt vatnsins úr henni má ætla að laugin tilheyri þeim stóra flokki minjastaða, sem oftast eru kallaðir Gvendarbrunnar, en það eru heitar laugar og kaldar uppsprettur sem taldar voru sérlega heilnæmar og jafnvel hafa lækningamátt. Það hefur svo verið mjög eðlileg ályktun að draga að telja að þessi laug hljóti að vera sú sama og Reykjalaug Kristnisögu. Hins vegar er ekki að sjá að sú ályktun hafi verið dregin fyrr en á þessari öld.

Benda má á að Kristni saga er meðal þeirra miðaldarita sem höfðu tiltölulega litla útbreiðslu meðal almennings á 19. öld. Hún hafði komið út í fyrri bindi af biskupasagnaútgáfu Bókmenntafélagsins 1858 en þessi útgáfa var dýr og upplagið lítið, og náði hún því ekki út til fjöldans á sama hátt og ýmsar ódýrar útgáfur Íslendingasagnanna,

⁵ Þorvaldur Thoroddsen, *Ferðabók II*, 307-308.

en útgáfa á þeim var í miklum vexti á seinni hluta 19. aldar. Langflestir íslenskir sögustaðir hafa verið “fundnir” á síðustu 200 árum eftir frásögnum miðaldarita, einkum Íslendingasagna. Þekktum sögustöðum fjölgaði jafnt og þétt á 19. öld í réttu hlutfalli við aukna útbreiðslu miðaldabókmenntanna og aukinn áhuga Íslendinga á fortíð sinni. Það er einnig samhengi milli þekkingar á sögustöðum og vinsælda þeirra sagna sem þeirra er getið í. Þannig eru fjölmargir sögustaðir tengdir Njáls sögu en hins vegar fáir sem tengjast Þorskfirðingasögu og helgast það ekki af því að ýmisskonar staða sé ekki getið í seinni sögunni, heldur af því að Njáls saga hefur verið miklu vinsælli sem bókmenntaverk og áhugi manna meiri á að finna frásögnum hennar stað. Kristni saga er í þeim flokki miðaldarita sem lítil áhugi hefur verið á en þar fyrir utan hafa fornfræðingar yfirleitt haft lítið álit á heimildagildi hennar og því ekki leitað ákaft að þeim stöðum sem getið er í henni. Þetta gæti skýrt að nokkru af hverju það virðist ekki gerast fyrr en á þessari öld að farið er að telja Vígðulaug sömu laug og Reykjalaug Kristni sögu.

Árið 1932 flutti Ragnar Ásgeirsson til Laugarvatns og hefur strax fengið mikinn áhuga á lauginni. Í áðurnefndri grein sem hann ritaði um hana 1939 og birtist 1940 segir hann frá athugunum sínum og aðgerðum þar sumarið 1932:

Þegar ég kom að Laugarvatni 1932, þá var ekki annað sjáanlegt af lauginni en barmarnir, og þá var hún full af sandi og leðju og hafði vafalaust ekki verið hreinsuð upp í marga áratugi ... Um sumarið gróf ég hana upp og kom þá í ljós hleðslan allt í kring og að hún hafi verið steinlögð í botni, 70-80 cm. djúp, ca. [150] cm. að þvermáli og kringlótt í lögun. Heita læknum veitti ég frá og safnaðist þá vatn í laugina ...⁶

Af þessari lýsingu er ekki að sjá að Ragnar hafi hreyft neitt við hleðslum eða breytt lauginni að öðru leyti en því að hann hefur grafið rásina sem liggur norðan við laugina til að stýra vatnsrennslinu í gegnum laugina. Hins vegar segir Sveinn Stefánsson í grein sem hann ritaði um Vígðulaug í Merki krossins 1992 að Ragnar hafi endurhlaðið “hleðslur í veggjum og lagfærði hana á ýmsa vegu. Einnig lét hann byggja garð í kring á

⁶ Ragnar Ásgeirsson, Vígða laugin, 61. Í greininni stendur að þvermál laugarinnar hafi verið 90 sm en það er leiðrétt með athugasemd aftan við hana og hefur átt að standa 150 cm.

þrjá vegu, með hliði í norðvesturhorni hennar, en hafði greiðan aðgang að vatninu.”⁷

Í sömu grein segir Sveinn frá því að um 1940 og mörg sumur þar á eftir hafi Sveinn Guðmundsson tollvörður frá Reykjavík komið að Laugarvatni og tekið miklu ástfóstri við Vígðulaug. Hafi hann hreinsað hana að innan og lagfært hleðslur í veggjum hennar. Segist Sveinn hafa aðstoðað nafna sinn við þá iðju.⁸

Af þessari lýsingu Sveins að dæma hefur talsvert verið átt við laugina á þessari öld, og mun það m.a. vera undirrót vangaveltna um að laugin sé nú allbreytt frá upphaflegri mynd.

Nokkrar ljósmyndir eru til af Vígðulaug frá ýmsum tímum á þessari öld.⁹ Af þeim má ráða að grjóthleðslan við innrás hveralækjarins hefur tekið nokkrum breytingum og virðist um skeið hafa verið einhvers konar útbúnaður þar til að stúfla vatnsrennslið og stjórna því sem ekki er í dag og mun varla heldur upprunalegur. Að öðru leyti verður ekki greint af þessum myndum að hleðslur laugarinnar hafi breyst að marki.

3. *Skoðunarferð til Laugarvatns 2. júlí 1998*

Vígðulaug var skoðuð í fylgd Kristins Kristmundssonar skólameistara og Guðmundar R. Valtýssonar 2. júlí 1998. Guðmundur Ólafsson hefur áður mælt laugina og gert af henni uppdrátt og vísast hér til þess. Laugin er 1,9x1,5 m í þvermál og því nær sporöskjulaga, og um 0,6 m djúp.¹⁰

Laugin er hlaðin úr ávölum hnullungum sem munu komnir úr fjallinu ofan við við Laugarvatn og geta ekki talist gott hleðslugrjót. 3-5 sm þykkt lag af seti var í botni laugarinnar er hún var skoðuð 2. júlí 1998 en botninn er allur grjótlagður og svotil sléttur. Allstórir hnullungar (50-90 sm) eru í botni hleðslunnar en efri umför (2-3) eru úr minni steinum (30-60 sm) og hafa sumir þeirra sigið til, einkum í norðurhlið þar sem hleðslan er hæst og þar sem vatnsrásin opnast út í laugina en þar eru steinarnir greinilega lausir. Brún laugarinnar er mishá. Hún er hæst að norðan og þar er svörður ofan á hleðslunum en lægst að sunnan og er þar smádæld utan með hleðslunni og hefur þar myndast lítið

⁷ Sveinn Stefánsson, *Vígðalaugin á Laugarvatni*, 14.

⁸ Sama heimild, 15.

⁹ *Árbók Ferðafélags Íslands 1961*, 54; *Kirkjuritið* 6 (1940), 59, 61; *Merki krossins* 1992/2, 13.

¹⁰ Guðmundur Ólafsson: *Ferð að Vígðulaug við Laugarvatn*, 6.

svað.

Vígðalaug er byggð á volgri uppsprettu en rennsli í henni er lítið og kemur mest af vatninu í laugina úr læk sem áður rann beint í gegnum laugina en Ragnar Ásgeirsson veitti í rás norðan við laugina þannig að hægt er stýra rennslinu með því að setja steina í rásina sem liggur að lauginni. Litlum steinum hefur verið raðað í brúnir beggja rásanna en ekki er hægt að kalla það hleðslur og ekkert grjótt er í botni þeirra.

Laugin er hlaðin á hörðum sandi og er aðeins 5-8 sm þykkt moldarlag ofaná með grasrótinni. Vatnsstaða mun vera há í jarðvegi á þessum stað sem orsakar að svað myndast auðveldlega en allt var svæðið þurrt og þokkalegt er það var skoðað

Lágur torfgarður er hlaðinn umhverfis laugina og Líkasteina sem eru á grasflötinni norðan við Vígðulaug. Svæðið innan þessa garðs er snyrtilegt og autt að öðru leyti en því að nokkur tré standa í hnapp í norðausturhorni. Umhverfis garðinn er hins vegar athafnasvæði í kringum gróðurhús sem standa vestan og norðan við, með tilheyrandi umferð, vélum og rusli, en sunnan við hefur verið plöntusala en ekki eru þar neinar byggingar.

4. *Kynning á Vígðulaug*

Það er ekki hægt að vita með vissu hvort hópskírni þingmanna í Reykjalaug í Laugardal hafi raunverulega átt sér stað, né hvort að laug sú sem höfundur Kristni sögu þekkti sem Reykjalaug sé sú sama og nú er kölluð Vígðalaug. Sagnir um það virðast ekki hafa verið við lýði á seinni öldum og vitaskuld er margt sem getur breyst á svo löngum tíma, uppsprettur og hitasvæði geta færst til og mannvirki hverfa og önnur byggð á ný.

Það er hins vegar þannig með nærri alla sögustaði í Íslandi, og mannvirkjaleifar sem þeim tengjast, að yfirleitt er ekki hægt að færa sönnur á að atburðirnir sem þeir eru til minnis um hafi raunverulega átt sér stað eða að þeir hafi gerst á þeim stöðum sem nú er talið. Enn síður er hægt að vera viss um að mannvirki sem eiga að vera forn séu lengur í upprunalegri gerð. Má t.d. minna á að Snorraug í Reykholti var algjörlega endurhlaðin 19. öld¹¹ og sennilegt verður að telja að það hafi ekki verið í fyrsta skipti frá því að Snorri laugaði sig í henni. Engu að síður er laugin kynnt sem baðstaður Snorra Sturlusonar

¹¹ Kristleifur Thorsteinsson: *Úr byggðum Borgarfjarðar II*, 200-201.

enda má segja að aðalatriðið í kynningu á sögustöðum sé minningin um atburð, einstakling eða sögulegt samhengi, en ekki hvort að grjótið eða moldin í viðkomandi mannvirki sé nákvæmlega það sama og fyrir mörghundruð árum. Það breytir litlu um gildi Snorralaugar sem sögustaðar og aðdráttarafls fyrir ferðamenn þó að grjótið í henni sé höggvið á 19. öld og þó að ekkert verði fullyrt að hún hafi haft sömu lögun á 13. öld og nú. Gildi Snorralaugar felst í tengingu hennar við merkan einstakling í þjóðarsögunni, við blómaskeið íslenskrar menningar og afdrifaríkt umbrotatímabil í sögu Íslendinga. Heimsókn að Snorralaug gerir fortíðina ápreifanlegri, hugmynd skoðandans um menn og atburði 13. aldar verður skýrari og áhugaverðari. Og það er vitanlega markmiðið með kynningu sögustaða: að halda á lofti minningu um mann, atburð eða sögu.

Um Vígðulaug gegnir svipuðu máli. Hún er ekki mannvirki sem hægt er að segja að sé örugglega frá því á 10. öld og ekki er heldur hægt að halda því fram fyrirvaralaust að í henni hafi drjúgur hluti þingheims verið skírður sumarið 1000. Laugin og Líkasteinar eru hins vegar augljóslega afar vel fallin til að vera minnisvarðar um tvo helstu atburðina í kristnisögu Íslendinga, kristnitökuna árið 1000 og siðaskiptin árið 1551. Staðurinn er sögusvið, þar er auðvelt að sjá fyrir sér þrúðbúna höfðingja í biðröð eftir því að fá sína skírn, sumir hinna yngri glaðbeittir yfir pólitískum sigri, en margir hinna eldri brúnaþungir yfir að þurfa að gefa upp gamla siði og sitja undir spotti hinna yngri manna. Þar er líka auðvelt að sjá fyrir sér síðari viðburði hjá Vígðulaug: sveit flóttalegra Norðlendinga hafa hröð handtök við að þvo lík foringja sinna á óvinaslóðum, staðráðnir í að heiðra minningu síðasta kaþólska biskupsins á Íslandi þrátt fyrir að málstaður þeirra hafi borið endanlegan ósigur.

Það eru ekki margir staðir þar sem tvær jafnáhrifamiklar sögur tengdar jafnþýðingarmiklum atburðum eiga sér stað á sama blettinum og þar sem aðstæður til að halda minningu þessara atburða á lofti eru jafngóðar. Þar fyrir utan er laugin tengd öðrum þræði úr trúarsögu Íslendinga sem er trúin á mátt vígðs vatns til lækninga.

Laugin er í sjálfri sér ekki stórfenglegt mannvirki og getur heldur ekki talist einstök, hlaðnar laugar af þessu tagi eru að vísu ekki margar eftir í landinu, en þær sem eru enn til eru allar með svipuðu sniði og þessi. Það er miklu frekar látleysi hennar sem gerir heimsókn að Vígðulaug áhrifamikla.

Gildi Vígðulaugar felst ekki síst í því að hún er lítið og einfalt mannvirki. Sagan

um hópskírningu í Reykjalaug er auðvitað táknræn fyrir afstöðu Íslendinga til stórviðburða og um sambúð þeirra við land sitt. Tveimur mannsöldrum eftir að landnám hófst höfðu Íslendingar tekið jarðhitann í þjónustu sína og heitar laugar voru orðnar sjálfsagðir samkomustaðir hvar sem þær fundust. Á svo skömmum tíma voru þessir norskættuðu menn - barnabörn fólks sem aldrei hafði kynnst öðru en köldu vatni útvortis - búnir að koma sér upp þaðmenningu og orðnir svo háðir heitu vatni að þeir gátu ekki hugsað sér að láta skíra sig öðruvísi en í heitri laug. Þó þeim væri ljós þýðing þess að skipta um trú kom hvorki þeim né afkomendum þeirra, sem héldu atburðinum á lofti, til hugar að mikilfengleg mannvirki eða íburð þyrfti til að halda við minningunni um trúskiptin. Íslendingar eru söguþjóð og hafa um það sögur sem aðrar þjóðir reisa sér píramýða eða sigurboga til minningar um stórviðburði.

Vígðalaug er kjörinn staður til að gera þessum þáttum íslenskrar menningarsögu skil á áhrifamikinn og spennandi hátt. Til þess þarf fyrst og fremst að koma upplýsingum til skila á skýran og aðgengilegan hátt en jafnframt þarf að hyggja að umhverfi laugarinnar, aðgengi og ástandi hennar sjálfrar.

5. Viðhorf til endurbygginga og viðgerða á fornleifum

Það hefur lengi tíðkast að gera við forn mannvirki, einkum í því augnamiði að forða þeim frá skemmdum, en einnig til að koma þeim í eitthvert það horf sem talið er upprunalegt. Hjá hinu fyrra verður oft ekki komist en hið síðara getur orkað tvímælis og er í seinni tíð yfirleitt talið óverjandi nema sérstakar ástæður séu til.

Að baki þessu viðhorfi liggur einfaldlega reynsla margra undanfarinna áratuga sem sýnir að það heyrir til undantekninga að endurbygging takist svo vel að menn skipti ekki um skoðun nokkrum árum síðar og fari að halda að viðkomandi mannvirki hafi í raun alls ekki litið út á þann hátt sem það var fært í. Þetta skiptir minna máli þegar um eftirmyndir er að ræða, þ.e.a.s. mannvirki sem gerð eru frá grunni á öðrum stað en fornleifarnar, því eftirlíkinguna er þá hægt að skoða sem tilgátu sem alltaf má endurskoða án þess að fornminjum sé hætta búin af slíkum framkvæmdum. Endurbyggingar á fornleifum eru hins vegar varhugaverðari, því jafnan er erfitt að gera þær þannig að

minjunum sé ekki hættu búin eða ganga svo frá að hægt verði að færa mannvirkni í upphaflegt horf snúist mönnum hugur er frá líður. Endurbygging á fornleifum er því yfirleitt talin ástæðulaus og auk þess óábyrg gagnvart komandi kynslóðum, sem gætu viljað skoða fornleifarnar eins og þær voru, en ekki eins og einhverjir seinni tíma menn töldu að þær hefðu hugsanlega litið út upphaflega.

Fyrir kemur að fornleifar séu svo illa farnar að nauðsynlegt er að gera við þær og þá jafnvel að fylla í eyður eftir bestu getu. Er þá yfirleitt reynt að gera það á þann hátt að hægt verði að endurskoða síðar án verulegrar hættu fyrir hinar eiginlegu fornleifar og þannig að skýrt sé þeim sem skoða mannvirkni hvað er fornt og hvað er nýtt.

Endurbyggingar á fornleifum heyrja af þessum sökum til undantekninga og hefur undanfarna 2-3 áratugi verið lögð meiri áhersla á tilgátubyggingar, helst með því lagi að hægt sé að breyta þeim eftir því sem þekking eykst og hugmyndir um fortíðina þróast.

Á síðustu árum hefur svo fæst í vöxt að menn nýti sér tölvutækni til að búa til ímyndir um fortíðina. Sú tækni er í örri þróun og verður æ auðveldara og ódýrara að búa til áhrifamiklar myndir sem gera skoðandanum kleyft að kynnast hugmyndum um upprunalega gerð fornleifanna á miklu trúverðugri og áhrifameiri hátt en endurbyggingar eða jafnvel tilgátubyggingar.

6. Tillögur

Vígðalaug er í ágætu ástandi og engar vísbendingar eru um að hún hafi nokkur tíma verið öðruvísi en hún er nú, fyrir utan að steinar í efstu hlutum hleðslunnar hafa verið færðir til á þessari öld. Ekkert bendir þó til að þær lagfæringar hafi breytt útliti laugarinnar svo neinu nemi.

Á hinn bóginn er mjög lítið vitað um sögu Vígðulaugar annað en að hún hefur verið til frá því um 1870 og hefur örugglega verið með svipuðu sniði og hún er nú frá 1932. Ef ráðast á í kynningu á lauginni er mikilsvert að fá nánari upplýsingar um hvenær hún var fyrst gerð og hvort og þá hvernig hún hefur hugsanlega verið endurhlaðin. Að þessu má komast með minniháttar uppgrefti. Ekki er víst að uppgroftur myndi skera úr um aldur hleðslunnar en hann gæti útilokað eða staðfest að laugin hafi áður verið stærri eða hleðslunnar með öðru lagi. Í sambandi við takmarkaðan uppgroft mætti einnig athuga

hvort jarðvegsskipti kæmu til greina utanmeð lauginni til að hindra að bakkar hennar verði að svaði við aukna umgengni.

Ef laða á mun fleira fólk að Vígðulaug en þangað kemur nú þá þarf að huga að þremur atriðum:

- að upplýsingum um lagina sé dreift meðal almennings og aðila ferðapjónustu; að upplýsingar um lagina séu aðgengilegar á staðnum.
- að umhverfi laugarinnar sé snyrtilegt og auki fremur en dragi úr gildi hennar.
- að laugin sjálf og nánasta umhverfi hennar þoli aukna umferð og að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja viðhald og umhirðu til frambúðar.

Kynning á Vígðulaug sem sögustað mun fara eftir því hversu marga gesti ætlunin er að laða að og enn fremur hvort lögð verður áhersla á að laða að innlenda eða erlenda ferðamenn, eða sérstaka hópa eins og t.d. skólabörn. Einnig skiptir máli hvort meiningin er að kynna Vígðulaug fyrst og fremst í sambandi við hátíðarhöld árið 2000 eða hvort ætlast er til að laugin verði fjölsóttur áningarstaður ferðamanna til frambúðar.

Í minnsta lagi þarf að setja upp skilti á staðnum, með upplýsingum á nokkrum tungumálum um sögulegt gildi Vígðulaugar og Líkasteina. Sama texta mætti nýta til að útbúa bækling sem dreift yrði á ferðaskrifstofum, áningarstöðum ferðamanna, söluturnum og til leiðsögumanna árið 2000. Bæklingur þarf ekki að vera dýr í framleiðslu en áhrifin geta verið lítil miðað við fyrirhöfn og gæti verið áhrifameira að koma upplýsingum um Vígðulaug á framfæri við fjölmiðla. Þar koma helst til greina tímarit sem ætluð eru ferðamönnum sérstaklega (t.d. tímarit flugfélaga), en einnig ljósvakamiðlar og dagblöð fyrir innlendan markað og netmiðlar og ferðahandbækur fyrir innlendan og erlendan markað. Markaðssetning af þessu tagi krefst starfsmanns í a.m.k. nokkrar vikur.

Nánasta umhverfi Vígðulaugar er mjög snyrtilegt nú en utanvið hið girta svæði er hins vegar athafnasvæði sem er lítið auginynda og kreppir mjög að lauginni og dregur þannig verulega úr gildi staðarins. Ef gróðurhúsin og aðkeyrslur vestan og norðan við lagina hyrfu og þar væri opið, vel frágengið, gróið svæði myndi laugin njóta sín miklu betur og heimsókn á staðinn yrði mun áhrifameiri en nú er. Bílastæði ættu að vera sem fjærst

lauginni, a.m.k. ekki nær en þau eru nú. Aukin fjarlægð og stærra autt svæði í kringum lagina myndi veða upp á móti smæð og einfaldleika laugarinnar sjálftrar. Að koma þessu um kring verður kostnaðarsamt en á hinn bóginn er það einfaldasta og áhrifamesta leiðin til að sýna lauginni sóma.

Lítill reynsla er af því á Íslandi að laða gesti að minjastöðum og því erfitt að spá fyrir um hugsanleg áhrif aukinnar umferðar á mannvirki eins og Vígðulaug. Einföld leið til að minnka umferð á laugarbakknum sjálfum, er að leggja malarstíg að lauginni, sem endaði svosem 1 metra frá bakknum. Þó slíkur stígur myndi ekki hindra þá sem eru staðráðnir í að standa á bakknum þá lætur flest fólk sér nægja að fylgja gangbrautum og má þannig minnka áganginn umtalsvert.

Suðvesturhluti laugarbakkans er lægri en aðrir hlutar hans, sem svarar einni steinaröð og er þar eins og þrep niður að lauginni þar sem svað hefur myndast. Nauðsynlegt er að fylla þetta skarð – sem tæplega er heldur upprunalegt í neinum skilningi – annaðhvort með steinum áþekktum þeim sem eru fyrir í hleðslunum eða með torfi. Um þetta þarf að fá álit þjóðminjavarðar. Ef ráðist verður í uppgröft til að skera úr um aldur og gerð laugarinnar væri eðlilegast að hafa skurðinn á þessum stað.

Gera þarf ráðstafanir til að tryggja umhirðu laugarinnar. Ljóst er að hleðslur laugarinnar munu þurfa reglulegt viðhald og þarf að hafa samráð við þjóðminjavörð um það, en þar fyrir utan er nauðsynlegt að laugin og vatnsrásirnar tvær séu hreinsaðar reglulega en slý myndast mjög fljótt í heitu vatninu og set sest í botn laugarinnar þannig að ekki sést í hellulögnina.

Hér er því lagt til að:

- Gerður verði takmarkaður fornleifauppgröftur utan með suðvesturhlið laugarinnar. Sá skurður ætti ekki að vera meira en 1,5 m á lengd og 0,5 m á breidd og gæti aldrei orðið mjög djúpur vegna vatnsflaums. Með því yrði skorið úr um gerð laugarinnar og hugsanlega fengnar vísbendingar um aldur hennar.
- Sett verði upp upplýsingaskilti við lagina, við gangbraut í nokkurri fjarlægð frá

lauginni sjálfri.

- Tekin verði ákvörðun um hversu marga, og hvers konar, gesti ætlunin er að laða að lauginni árið 2000 og/eða til frambúðar. Í samræmi við þá ákvörðun verði ráðist í kynningu á lauginni með aðstoð fagmanna á sviði auglýsinga eða upplýsingaþjónustu.
- Öll mannvirki í kringum lagina, þ.á m. gróðurhús, vegir, torfgarður og girðingarstaurar verði fjarlægð og svæðið allt grætt upp með bílastæði og salernisaðstöðu í útjaðri, ekki nær en bílastæðið er nú.
- Lagður verði malarstígur að lauginni sem endaði um 1 metra frá henni hið skemmsta.
- Í framhaldi af uppgrefti verði fyllt í skarðið í suðvesturhlið laugarbakkans og hugsanlega skipt um jarðveg undir grasrót.
- Ráðinn verði umsjónarmaður laugarinnar í hlutastarfi sem sæi um reglulega hreinsun á lauginni sjálfri, vatnsrásum og umhverfi.

Heimildir:

Árnessýsla. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og Lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðan Jónsson, Reykjavík 1979.

‘Bikskupa-annálar Jóns Egilssonar.’ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju* I, Kaupmannahöfn 1856, bls. 15-136.

Biskupasögur, gefnar út af Hinu íslenska bókmenntafélagi I, Kaupmannahöfn 1858.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II, Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík 1943.

Guðmundur Ólafsson, *Ferð að Vígðulaug við Laugarvatn 24. ágúst 1992*, Reykjavík 1992 [Fjölrítuð skýrsla á Þjóðminjasafni Íslands].

Kristian Kálund, *Íslenskir sögustaðir I. Sunnlendingafjórðungur*, Haraldur Matthíasson þýddi, Reykjavík 1984.

Kristleifur Thorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar* I-III, Reykjavík 1944-1960.

Ragnar Ásgeirsson: ‘Vígða laugin’ *Kirkjuritið* 6 (1940), 59-63.

Sveinn Stefánsson: ‘Vígðalaugin á Laugarvatni’ *Merki krossins* 1992/2, 12-15.

Þorvaldur Thoroddsen, *Ferðabók* II, 2. útg., Reykjavík 1959.